Skeiða- og Gnúpverjahreppur
Bnr. 0.0 K/S 27.10.22
Ábm. Svfr.
Afgr. ( )Bréf ( )St.
Lvm. Trm.

Þjórsárskóli 25.10.1022

Sveitastjóri /sveitastjórn.

Við nemendur í Þjórsárskóla langar að koma með beiðni til sveitastjórnar hvað varðar leiktæki við skólann. Það er þá helst þrennt sem okkur á miðstigi langar mest í.

Í fyrsta lagi er það kóngulóaróla (stór), í öðru lagi að kofinn sem var ónýtur og rifinn verði endurbyggður. Í þriðja lagi, tvö til þrjú lítil trampólin grafin svo hægt sé að hoppa á milli.

Rök fyrir kaupum: **Kóngulóaróla**

Hópur 1: Því hinar rólurnar eru mikið notaðar og það væri mjög gaman fyrir alla bekkina að fá nýtt leiktæki sem aldrei hefur verið og svona róla er hvergi í sveitarfélaginu.

Hópur 2: því maður getur lagst niður og rólað hátt

Hópur 3: því að það eru alltaf þrír til fjórir að leika saman og það eru bara tvær venjulegar rólur saman!

Hópur 4: Því það gefur manni félagsskap og það er mjög gaman að vera á henni og það er gott leiktæki.



*Mynd 1 kóngulóaróla*

Rök fyrir kaupum/smíðum á **nýjum kofa**

Hópur 1: Okkur langar í nýjan kofa í staðinn fyrir þann sem var rifin því sá sem eftir er svo lítill. Kofinn sem var líka var mikið notaður af því hann var stærri, væri samt gott ef hann væri enn stærri 😊 því þar er gott skjól þegar það er vont veður.

Hópur 2: okkur finnst að það þurfi annan kofa t.d. svipaður og þessi mynd. Var mikið notaður og við söknum hans.

Hópur 3: Nemendur gætu kannski hjálpað til við hönnun og smíðar.



*Mynd 2 Gamli kofinn sem var rifinn*

Rök fyrir kaupum á litlum trampólínum:

Allir: myndu fleiri hreyfa sig meira í frímínútum. Skemmtilegt að hoppa á trampólíni. Hvergi til annars staðar í sveitarfélaginu og væri örugglega mikið notað.

Það sem okkur finnst gott við leiktæki og afþreyingu í og við skólann er:

- Mikið pláss úti
- Fótboltavöllur góður og mikið notaður
- Margar rólur
- Útisvæði, hólar og brekkur til að renna í á veturna
- Borðtennisborðið og fótboltaspilið inni gott og mikið notað
- Ánægð með bókasafni í skólanum
- Gott pláss í kjallara til að æfa leikrit

Það sem mætti hafa í huga og laga 😊

- Bara hiti á miðjum fótboltavelli svo á veturna er sleypt við útveggi vallarins
- Þröngt í kringum borðtennisborðið svo gaman væri að finna rýmri stað.
- Hitastig í íþróttasal (Árnesi)
- Gúmmíið á fótboltavelli skemmir skó og föt
- Laga aðra róluna úti þar sem hún er beygluð og því óþægilegt að sitja í henni.
- Klifurveggurinn er ekkert notaður því hann er svo lítill.




F.h. nemenda á miðstigi Þjórsárskóla
Halla S. Bjarnar